

Garðabær, 11. október 2016

Efni: Styrkumsókn vegna bókmenntakvölds á Bókasafni Garðabæjar

Bókasafn Garðabæjar stefnur á að bjóða upp á bókmenntakvöld á bókasafninu Garðatorgi 7, 24. nóvember nk. Kostnaður vegna kvöldsins er kr. 150.000,-. Við greiðum höfundum eftir texta Rithöfundasambandsins og stjórnandi fær aðeins meira. Svona kvöld hefur verið vinsæl meðal almenningsbókasafna á Íslandi og hafa jákvæð áhrif á gesti bókasafna. Fyrirmynd bókmenntakvölds sem þessa er frá Þýsklandi og eru þau haldin reglulega á mörgum bókasöfnum um heiminn.

Skipulagið væri að það kæmu þrír vinsælir rithöfundar til að lesa upp úr eigin bókum sem koma út fyrir jól. Einnig verður stjórnandi sem er vel að sér í bókmenntum.

Fyrirkomulagið verður þannig að höfundar munu lesa upp og að lokum verða pallborðsumræður þar sem fólki gefst kostur á að spjalla við rithöfundana. Við munum bjóða upp á léttar veitingar í hléi. Þessi viðburður er öllum opinn.

Ekki hefur verið gert ráð fyrir svona viðburðum í fjárhagsáætlun bókasafnsins því leitar undirrituð til menningar- og safnanefndar um styrk til að gera þennan viðburð að veruleika fyrir Garðbæinga.

Virðingarfyllst,

Margrét Sigurgeirsdóttir,
forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar

Netfang: margretsig@gardabaer.is

Sími: 525 8550

